

15. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. október ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Eigandi vatnsskattsskyldrar eignar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

256

22. nóv.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 500.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögglumál.

17. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Dalvíkur, nr. 40 frá 3. júní 1938, og breyting á sömu gjaldskrá, nr. 105 frá 17. júlí 1942.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

257

23. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 233 30. des. 1943.

A. 3. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, kr. 1.90 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla Hitaveitan vatnsnotkunina, með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. 4. grein gjaldskrárinnar falli burt og breytist greinatölur og tilvitnanir í samræmi við það.

C. Ný grein, er verði 12. grein:

Gjaldskrá þessi gildi frá álestursdegi sem næst 1. október 1950.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. nóvember 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.